

Ísfélag Vestmannaeyja hf.

Ársreikningur 2020



Ísfélag Vestmannaeyja hf. | Tangagötu 1 | 900 Vestmannaeyjar | kt. 660169-1219

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Ísfélags Vestmannaeyja hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ísfélagi Vestmannaeyja hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á srsreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ísfélags Vestmannaeyja hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Ísfélags Vestmannaeyja hf. á aðalfundi félagsins þann 11. júní 2020.

Kópavogur,

Deloitte ehf.

Guðmundur Ingólfsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ísfélag Vestmannaeyja hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ísfélag Vestmannaeyja hf. er fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, en helstu starfsþættir félagsins eru frýsting sjávarafurða, fiskimjöls- og lýsisframleiðsla og útgerð fiskiskipa.

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19. Stjórnendur hafa metið hugsanleg áhrif á virðisrýrnun efnislegra og óefnislegra eigna og telja að ekki séu til staðar vísbendingar um virðisrýrnun. Þá hefur verið tekið tillit til væntra áhrifa á innheimtanleika krafna sem eru að mati stjórnenda óveruleg.

Ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í USD. Hagnaður að fjárhæð USD 13.987.671 varð af rekstri félagsins á árinu 2020. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok USD 293.498.140 og bókfært eigið fé USD 150.005.290. Eiginfjárlutfall nam 51%. Stjórn félagsins mun leggja fram tillögu á aðalfundi um útgreiðslu arðs. Hagnaður ársins er fluttur á óráðstafað eigið fé.

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2020 var 230. Í árslok voru 132 hluthafar í félaginu en voru einnig 132 í ársbyrjun. Skráð hlutafé félagsins í árslok nam kr. 575.397.209, en félagið á eigin hluti að nafnverði kr. 44.041.919. Í stjórn félagsins, sem kosin er á aðalfundi þess, til eins árs í senn, sitja þrír karlmenn og ein kona. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok árs voru ÍV fjárfestingafélag (89%), Anna ehf (3,5%), Fimman ehf (2,1%), Hali ehf (0,9%), Júlía Petra Andersen (0,6%), Kristín Bergsdóttir (0,5%), Ágúst Bergsson (0,5%), MKE ehf (0,4%), Jóel Þór Andersen (0,4%), Guðbjörg Októvía Andersen (0,2%).

Stjórn vísar til skýringa um umfjöllun um ófjárhagslegar upplýsingar og yfirlýsingu um stjórnarhætti.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ísfélags Vestmannaeyja hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Þá er það álit stjórnar að skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjar, 1. júní 2021

Í stjórn

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson
Stjórnarformaður

Guðbjörg M. Matthíasdóttir

Sigurbjörn Magnússon

Einar Sigurðsson

Stefán Friðriksson
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur

	Skýr.	12 mán. '20	12 mán. '19
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur landvinnslu		73.042.189	67.834.648
Rekstrartekjur útgerðar		35.788.637	34.337.262
Innlagður eigin afli		(27.700.221)	(24.584.308)
Aðrar tekjur		60.471	63.035
		<u>81.191.076</u>	<u>77.650.636</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrargjöld landvinnslu		54.657.624	53.649.909
Rekstrargjöld útgerðar		22.553.560	24.941.309
Innlagður eigin afli		(27.700.221)	(24.584.308)
Sameiginlegur kostnaður		3.453.646	3.829.201
		<u>52.964.609</u>	<u>57.836.111</u>
Hagnaður fyrir afskriftir			
		28.226.467	19.814.525
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	6.	(8.112.922)	(8.334.489)
Hagnaður af sölu eigna		988.574	2.313.392
		<u>21.102.118</u>	<u>13.793.428</u>
Rekstrarhagnaður			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hlutdeild í afkomu dóttur og hlutdeildarfélagi	7.	653.473	732.618
Fjármagnsgjöld		(2.858.449)	(3.505.241)
Fjármunatekjur		1.780.954	1.035.350
Gengismunur (gjöld) tekjur		(3.788.495)	317.663
		<u>(4.212.517)</u>	<u>(1.419.610)</u>
Hagnaður fyrir skatta			
		16.889.601	12.373.818
Tekjuskattur.....	4.	(2.901.931)	(2.334.393)
		<u>13.987.671</u>	<u>10.039.425</u>
Hagnaður ársins			
EBITDA framlegð.....		34,8%	25,5%

Efnahagsreikningur

Eignir		31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Aflahlutdeild.....	5.	126.966.844	125.614.713
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	6.	79.542.014	82.822.572
Skuldabréf á tengda aðila.....	14.	16.476.035	6.956.020
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum.....	7.	6.208.320	6.396.066
Eignarhlutar í öðrum félögum.....	7.	1.957.576	1.731.853
		<u>231.150.789</u>	<u>223.521.224</u>
Veltufjármunir			
Afurðir og hráefni	8.	11.673.321	10.658.023
Veidarfæri og aðrar rekstrarvörur	8.	2.605.073	2.254.177
Viðskiptakröfur	9.	22.939.827	16.981.409
Aðrar skammtímaskuldir.....		1.091.211	1.646.386
Skuldabréf á tengda aðila.....	14.	11.252.893	17.917.819
Handbært fé		12.785.026	11.591.551
		<u>62.347.351</u>	<u>61.049.365</u>
Eignir alls		<u>293.498.140</u>	<u>284.570.589</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	10.	4.405.931	4.405.931
Varasjóður		4.510.950	4.510.950
Þýðingarmunur.....		164.412	351.828
Hlutdeildarreikningur.....		2.576.125	1.870.943
Óráðstafað eigið fé.....		138.347.873	132.565.383
Eigið fé alls		<u>150.005.290</u>	<u>143.705.033</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir.....	11.	90.631.029	91.238.161
Tekjuskattsskuldbinding	12.	27.544.832	28.927.057
		<u>118.175.861</u>	<u>120.165.218</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborgun langtímalána	11.	7.404.753	6.889.925
Bankalán		6.110.354	3.644.119
Almennar viðskiptaskuldir	13.	5.796.454	6.418.732
Aðrar skammtímaskuldir.....	13.	6.005.428	3.747.561
		<u>25.316.989</u>	<u>20.700.337</u>
Skuldir		<u>143.492.850</u>	<u>140.865.555</u>
Eigið fé og skuldir		<u>293.498.140</u>	<u>284.570.589</u>
Eiginfjárhlutfall.....		51,1%	50,5%

Sjóðsstreymi

		12 mán. '20	12 mán. '19
Rekstrarhagnaður		21.102.118	13.793.428
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	6.	8.112.922	8.334.489
Hagnaður af sölu eigna		(988.574)	(2.313.392)
Hreint veltufé frá rekstri		28.226.467	19.814.525
Skammtímakröfur		(5.406.328)	(3.334.448)
Birgðir, lækkun (hækkun)		(1.366.194)	7.180.125
Skammtímask. vegna rekstrar, (lækkun) hækkun		(1.004.322)	(1.263.534)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		20.449.623	22.396.668
Innborgaðir vextir og gengismunur		3.085.010	672.821
Greiddir vextir og gengismunur		(2.804.723)	(3.746.786)
Greiddur tekjuskattur		(1.828.279)	(1.797.757)
Handbært fé frá rekstri		18.901.631	17.524.946
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	6.	(4.835.799)	(58.509)
Kaup aflaheimilda	5.	(1.352.131)	
Eignarhlutar í félögum		1.479.080	1.037.402
Krafa á tengda aðila		(2.229.494)	(18.992.024)
Mótttekinn arður frá dóttur og hlutdeildarfélögum	7.	104.246	
		(6.834.098)	(18.013.131)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(6.887.854)	(6.865.360)
Skammtímafjármögnun, (lækkun) hækkun		2.466.235	437.787
Arður til hluthafa	10.	(7.500.000)	0
		(11.921.619)	(6.427.573)
Breyting á handbæru fé á árinu		145.914	(6.915.758)
Gengismunur af handbæru fé		1.047.561	(259.907)
Handbært fé í ársbyrjun		11.591.551	18.767.216
Handbært fé í árslok		12.785.026	11.591.551

Skýringar

1. Starfsemi

Ísfélag Vestmannaeyja hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ísfélag Vestmannaeyja hf. er fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, en helstu starfsþættir félagsins eru frysting sjávarafurða, fiskimjòls- og lýsisframleiðsla og útgerð fiskiskipa.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og gjöld

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Lántökugjöld eru færð til gjalda yfir lánstíma.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall ársins 2020 er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Tekjuskattsskuldbinding er færð upp miðað við skatthlutfall sem gilda mun fyrir árið 2020 samkvæmt gildandi lögum.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framh.)

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning á tímabilinu.

	Meðalmiðgengi tímabilsins		Kaupgengi í lok tímabils	
	12 mán. '20	12 mán. '19	31.12.2020	31.12.2019
Íslensk króna (ISK)	0,0074	0,0082	0,0079	0,0083
Evra (EUR)	1,1423	1,1194	1,2271	1,1216
Sterlingspund (GBP)	1,2833	1,2759	1,3643	1,3164
Kanadadálur (CAD)	0,7463	0,7539	0,7854	0,7675
Dönsk króna (DKK)	0,1533	0,1499	0,1649	0,1501
Norsk króna (NOK)	0,1066	0,1136	0,1173	0,1137
Sænsk króna (SEK)	0,1091	0,1057	0,1224	0,1073
Svissneskur franki (CHF)	1,0670	1,0066	1,1350	1,0334
Japanskt jen (JPY)	0,0094	0,0092	0,0097	0,0092

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru keyptar aflaheimildir og aflaheimildir sem félagið hefur eignast í formi yfirverðs hlutfjár við samruna. Óefnislegar eignir eru ekki afskrifaðar línulega en stuðst er við virðisrýrnunaraðferð.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söluþegi.

Skuldabréf á tengda aðila

Skuldabréf á tengda aðila sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Dóttur- og hlutdeildarfélög

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem Ísfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu dóttur og hlutdeildarfélaga.

Félagið nýtir sér heimild í 3 mgr. 68. gr. laga 3/2006 og gerir ekki samstæðuársreikning enda telur félagið að dótturfélög skipti óverulegu máli bæði ein og sér og sem heild.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framh.)

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning. Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Afurðir og hráefni, veiðarfæri og aðrar rekstrarvörur

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söliverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir og bankalán

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

3. Launamál

Laun og tengd gjöld félagsins greinast þannig:

	12 mán. '20	12 mán. '19
Laun	19.822.685	19.615.816
Launatengd gjöld	4.829.822	4.803.955
	<u>24.652.507</u>	<u>24.419.771</u>
Meðalfjöldi starfa	230	223

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2020 námu USD 1.728 þús. (2019 USD 1.916)

4. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi félagsins USD 2.901,9 þús. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2021 nemur um USD 4.372,9 þús.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	12 mán. '20		12 mán. '19	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta.....	3.377.920	20%	2.474.764	20%
Áhrif arðs og hagnaðar (taps) hlutabréfa	(214.713)	-1,3%	(13.562)	-0,1%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi.....	(130.695)	-0,8%	(146.524)	-1,2%
Gengismunur tekjuskattsskuldbindingar	(134.319)	-0,8%	19.686	0,2%
Aðrir liðir.....	3.738	0,0%	29	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi.....	<u>2.901.931</u>	17,2%	<u>2.334.393</u>	18,9%

5. Aflahlutdeild

	31.12.2020	31.12.2019
Stofnverð 1.1.....	142.584.623	142.584.623
Afskrifað áður	(16.969.910)	(16.969.910)
Keypt á árinu.....	1.352.131	
Bókfært verð 31.12.....	<u>126.966.844</u>	<u>125.614.713</u>

Skýringar

5. Aflahlutdeild (framhald)

Aflahlutdeild og aflamark félagsins í bolfiski voru eftirfarandi samkvæmt úthlutun Sjávarútvegsráðuneytisins á veiðiheimildum fyrir fiskveiðiárið 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

	Aflahlutdeild	Úthlutað aflamark, tonn	Krókaaflahlutdeild	Úthlutað aflamark, tonn
Þorskur	1,88%	3.857	0,40%	818
Ýsa	3,10%	1.301	0,26%	108
Ufsi	3,81%	2.385	0,11%	69
Gullkarfi	1,75%	569	0,02%	5
Djúpkarfi.....	1,80%	211		
Úthafskarfi.....	4,33%	0		
Aðrar tegundir.....		390		22
		8.711		1.022

Aflahlutdeild og úthlutaðar heimildir á fjárhagsárinu.

Síld	13,13%	4.297
Norsk-íslensk síld	20,15%	17.414
Loðna	19,99%	0
Makrill	12,32%	17.011
Kolmunni	5,20%	11.960
		59.393

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Fiskiskip	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun.....	50.126.972	79.375.404	67.150.568	196.652.944
Eignfært á árinu.....	3.795.544		1.045.290	4.840.834
Selt og aflagt á árinu.....			(84.794)	(84.794)
Staða í árslok.....	53.922.516	79.375.404	68.111.064	201.408.984
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun.....	29.522.735	34.763.098	49.544.539	113.830.372
Afskrift ársins.....	1.551.071	3.423.948	3.137.903	8.112.922
selt og aflagt á árinu.....			(76.324)	(76.324)
Staða í árslok.....	31.073.806	38.187.046	52.606.118	121.866.970
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun.....	20.604.237	44.612.306	17.606.029	82.822.572
Bókfært verð í árslok.....	22.848.710	41.188.358	15.504.946	79.542.014
Afskriftarhlutföll	0-4%	5-10%	8-20%	

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Fasteignir félagsins greinast þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Strandvegur 12-18, Vestmannaeyjum	2.900.715	13.050.059	5.764.968
Strandvegur 23, Vestmannaeyjum	323.088	2.057.621	132.304
Strandvegur 102, Vestmannaeyjum	6.055.735	23.776.299	9.535.841
Strandvegur 103-107, Vestmannaeyjum	605.534	1.756.529	572.357
Kleifar 1, Vestmannaeyjum	422.844	1.151.749	1.273.367
Tangagata 1, Vestmannaeyjum.....	239.054	1.130.461	843.487
Eyrarvegur 16, Þórshöfn	3.668.627	15.232.340	2.522.039
Hafnarvegur 4-6, Þórshöfn	1.918.403	7.908.946	1.369.389
Langanesvegur 1, Þórshöfn	348.833	1.324.707	6.918
Aðrar fasteignir og lóðir á Þórshöfn.....	445.130	618.426	62.055
Lækjabrekka 16, sumarhús	188.114	298.365	63.553
Dufansdalur	58.376	169.507	647.784
Öxnalækur í Hveragerði - 25% hluti	30.713	169.507	54.648
	<u>17.205.165</u>	<u>68.644.517</u>	<u>22.848.710</u>

Fiskiskip félagsins greinast þannig:

	Húftrygginga- mat	Bókfært verð
Heimaey VE-1	22.500.000	18.100.061
Sigurður VE-15.....	25.500.000	21.264.921
Ottó N Þorláksson VE 5.....	1.951.533	1.054.461
Dala-Rafn VE-508	3.480.080	386.808
Litlanes ÞH-3	707.783	382.107
	<u>54.139.396</u>	<u>41.188.358</u>

7. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð ISK	Bókfært verð
Fiskmarkaður Þórshafnar ehf.	100%	500.000	276.992
Lundey fjárfestingarfélag ehf.....	50%	1.200.000	2.230.259
Jörvi fasteignir ehf.....	100%	500.000	1.830.452
Iceland Pelagic ehf.	33,3%	10.000.000	1.868.400
Önnur félög.....			<u>2.217</u>
			<u>6.208.320</u>

Skýringar

7. Eignarhlutar í félögum (framhald)

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum:

	31.12.2020	31.12.2019
Staða í upphafi árs	6.396.066	7.519.436
Selt á árinu	(713.751)	(2.144.855)
Keypt á árinu	1.208	392.011
Arður frá hlutdeildarfélögum	(104.246)	(79.923)
Þýðingarmunur	(187.416)	(23.221)
Hlutdeild í rekstri dóttur og hlutdeildarfélaga	653.473	732.618
Neikvæð hlutdeild í eigin fé dótturfélags fært til lækkunar á kröfu	162.986	0
Staða í lok tímabils	6.208.320	6.396.066

Hlutabréfaeign í öðrum félögum er metin á kostnaðarverði og sundurliðast þannig:

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
		ISK	
Pelagic Greenland A/S.....	33,33%	155.552.643	802.733
Loðnuvinnslan hf.	0,80%	5.593.761	268.891
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.	28,38%	8.470.000	208.365
Festi hf.....		551.662	529.582
Aðrir eignarhlutar í 7 félögum			148.005
			1.957.576

8. Afurðir, hráefni, veiðarfæri og rekstrarvörur

	31.12.2020	31.12.2019
Frystar afurðir	9.209.769	5.730.078
Mjöl og lýsi	2.463.552	4.717.945
Rekstrarvörubirgðir	1.435.074	1.084.177
Veiðarfærabirgðir.....	1.170.000	1.380.000
	14.278.395	12.912.200
Tryggingaverðmæti afurða- og endursölubirgða	71.150.600	58.525.702
Tryggingaverðmæti veiðarfæra og afla um borð í skipum	3.164.478	2.796.639

Skýringar

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur skráðar í USD.....	9.487.234	7.111.351
Viðskiptakröfur í öðrum myntum.....	13.619.985	10.037.450
Niðurfærsla krafna.....	(167.392)	(167.392)
	<u>22.939.827</u>	<u>16.981.409</u>

10. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins er kr. 575.397.209 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hlutafé greinist þannig:

		ISK
Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins	100,0%	575.397.209
Eigin hlutir félagsins	-7,7%	(44.041.919)
	92,3%	<u>531.355.290</u>

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Varasjóður	Þýðingarmunur	Hlutdeildar-reikningur	Óráðstafað eigið fé
Staða 1/1 2019.....	4.405.931	4.510.950	375.047	1.218.020	123.178.879
Þýðingarmunur			(23.219)		
Úthlutaður arður				652.923	(652.923)
Hagnaður ársins 2019.....					10.039.425
Staða 1/1 2020.....	4.405.931	4.510.950	351.828	1.870.943	132.565.381
Þýðingarmunur			(187.416)		
Úthlutaður arður					(7.500.000)
Hlud. í hagnaði hlutd.f.....				705.182	(705.182)
Hagnaður ársins 2020.....					13.987.671
Staða 31/12 2020.....	<u>4.405.931</u>	<u>4.510.950</u>	<u>164.412</u>	<u>2.576.125</u>	<u>138.347.870</u>
Eigið fé alls 31/12 2020.....					150.005.290

Skýringar

11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir eftir gjaldmiðlum:		
Skuldir í CHF	3.596.164	3.616.854
Skuldir í JPY	21.149.686	21.717.946
Skuldir í GBP	8.230.555	8.605.459
Skuldir í EUR	65.059.377	64.187.827
	98.035.782	98.128.086
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(7.404.753)	(6.889.925)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi	90.631.029	91.238.161

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2020	31.12.2019
Næsta árs afborganir.....	7.247.183	6.447.703
Afborganir 2022 / 2021.....	62.793.255	6.779.911
Afborganir 2023 / 2022.....	27.995.344	58.677.517
Afborganir 2024 / 2023.....	0	26.222.955
	98.035.782	98.128.086

12. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Tekjuskattsskuldbinding í upphafi árs.....	28.927.057	28.390.417
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári.....	(4.372.892)	(1.828.279)
Áhrif samsköttunar.....	88.736	30.526
Tekjuskattur vegna rekstrarársins.....	2.901.931	2.334.393
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs.....	27.544.832	28.927.057

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2020	31.12.2019
Óefnislegar eignir.....	17.763.323	17.492.897
Varanlegir rekstarfjármunir.....	9.966.052	11.019.518
Aðrir liðir.....	(184.543)	414.642
	27.544.832	28.927.057

Skýringar

13. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptaskuldir skráðar í USD.....	2.329.146	587.982
Viðskiptaskuldir skráðar í öðrum myntum.....	3.467.308	5.830.750
	<u>5.796.454</u>	<u>6.418.732</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreidd laun og launategd gjöld.....	740.389	734.892
Tekjuskattur til greiðslu.....	4.372.892	1.828.279
Ógreidd opinber gjöld.....	387.038	565.990
Ógreiddir áfallnir vextir.....	329.120	275.394
Aðrar skammtímaskuldir.....	175.989	343.006
	<u>6.005.428</u>	<u>3.747.561</u>

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. dótturfélög, hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög 2020	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélag	699.290	33.969.068	14.314.138	482.562
Aðrir tengdir aðilar	372.825	0	15.511.245	1.735.180
	<u>1.072.115</u>	<u>33.969.068</u>	<u>29.825.383</u>	<u>2.217.742</u>

Viðskipti við tengd félög 2019	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélag	550.002	35.492.787	10.858.920	199.405
Aðrir tengdir aðilar	3.347.347	10.853.782	25.788.055	2.275.943
	<u>3.897.349</u>	<u>46.346.569</u>	<u>36.646.975</u>	<u>2.475.348</u>

15. Ábyrgðir og önnur mál

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess. Veðsetningar greindust þannig á eignaflokka:

	Eftirstöðvar skuldbindinga	Bókfært verð eigna
Skip, aflaheimildir og fasteignir	104.322.125	235.944.696
Birgðir.....	0	11.673.321
	<u>104.322.125</u>	<u>247.618.017</u>

Skýringar

16. Kennitölur félagsins

Úr rekstrarreikningi	2020	2019	2018
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur	34,8%	25,5%	22,2%
Hagnaður af reglulegri starfsemi f. skatta / rekstrartekjur	20,8%	15,9%	12,1%
Hagnaður tímabilsins / rekstrartekjur	17,2%	12,9%	9,1%
Úr efnahagsreikningi	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	2,46	2,95	2,70
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	51,1%	50,5%	47,3%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/nafnverð hlutafjár	34,05	30,45	28,32
Úr sjóðstreymi ársins:			
a) Skuldaþekja handbærs fjár.....	0,09	0,12	0,08
b) Gæði afkomunnar	1,46	1,75	2,73
a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir			
b) Handbært fé frá rekstri / afkoma			

17. Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Viðskiptalíkan

Ísfélag Vestmannaeyja hf. er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins með 230 starfsmenn til sjós og lands. Það rekur frystihús og fiskimjölsverksmiðjur í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn og gerir út sex skip. Ísfélag Vestmannaeyja hf. var stofnað árið 1901 og er elsta starfandi hlutafélag landsins. Félagið veiðir bæði uppsjávar- og bolfisktegundir og vinnur þær að mestu leyti í verksmiðjum félagsins.

Ísfélag Vestmannaeyja hf. selur afurðir sínar til ýmissa sölufyrirtækja og framleiðenda. Mjöl- og lýsisafurðir eru að langmestu leyti seldar beint til fóðurframleiðenda. Bolfisks- og uppsjávarafurðir eru seldar til ýmissa aðila sem vinna sínar afurðir úr vörunni eða áframselja hana. Ísfélagið á þriðjungshlut í Iceland Pelagic ehf sem selur aðallega uppsjávarafurðir og fjórðungshlut í StorMar ehf sem selur aðallega bolfiskafurðir. Öll viðskipti við söluaðila, þar með talin þessi tengdu fyrirtæki, eru gerð á eðlilegum viðskiptakjörum og uppfylla kröfur um armslengdarviðskipti.

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórn skipa fjórir stjórnarmenn en heimilt er að hafa fimm stjórnarmenn og eru þeir kosnir á aðalfundi af hluthöfum félagsins. Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins. Stjórnin styðst ekki við leiðbeiningar eða handbækur við störf sín og hefur ekki sett sér stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn og framkvæmdastjórn félagsins. Áformað er að útbúa leiðbeiningar eða handbók í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Engin nefnd var starfandi á vegum stjórnarinnar á fjárhagsárinu. Til stendur að koma á fót endurskoðunarnefnd og verður hún skipuð eftir aðalfund félagsins. Með tilkomu nefndarinnar verður eitt af hlutverkum hennar að hafa eftirlit með virkni innra eftirlits og áhættustýringum. Nefndinni verða settar starfsreglur og mun hún gefa stjórn skýrslu um störf sín eins og lög gera ráð fyrir.

Skýringar

Stefnur og áreiðanleikakönnunarferli

Ísfélag Vestmannaeyja hf. hefur sett sér starfsmannastefnu sem og stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti og áreitni. Einnig eru árlega gerðar aðgerðar- og fræðsluáætlanir í samvinnu við starfsfólk hversrar starfstöðvar. Félagið hefur til skoðunar að vinna stefnu á sviði umhverfis-, samfélags-, starfskjara- og mannréttindamála. Þrátt fyrir að áður nefndar stefnur séu ekki formlega ritaðar þá hefur félagið ávallt haft það að leiðarljósi að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar, unnið að hag samfélagsins með ýmsum hætti, stuðlað að heiðarlegum viðskiptaháttum og boðið samkeppnishæf laun miðað við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum og tekið mið af hæfni starfsmanna og ábyrgð og umfangi starfsins. Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Félagið leggur áherslu á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn. Fiskvinnslur félagsins vinna eftir HACCP og MSC stöðlum og vottunum og mjölverksmiðjur félagsins eftir FEMAS og TÚN.

Ísfélag Vestmannaeyja skrifaði undir samfélagsstefnu sem fyrirtæki innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi hafa markað sér. Stefnan grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Félagið hefur ráðið í stöðu verkefnastjóra sem mun á næstu misserum þróa áreiðanleikakönnunarferlið nánar til að fylgja eftir ofangreindum stefnum og mæla árangur þeirra.

Árangur

Á árinu var notkun svartolíu alfarið hætt í uppsjávarskipum félagsins. Olíunotkun á veitt tonn bolfiskskipa hefur haldist nokkuð stöðug. Hlutfall endurunninnar olíu í brennslu fiskimjölsverksmiðja hefur farið vaxandi en olíunotkun fiskimjölsverksmiðja hefur verið lítil síðustu tvö ár vegna loðnubrests. Félagið fékk jafnlaunavottun í febrúar 2021.